



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR 76. TBL. 16. ÁRG. DES. 1992

„Sannleikur sem menn eru ófúsir á að þiggja, fer framhjá þeim“.

Pónýall

„Kvasar“-vetrarbrautir björtustu efniseiningar hins sjáanlega alheims

(Sjá forsíðumynd)

Til eru vetrarbrautir sem svo eru bjartar, að ekkert kemst þar til samjöfnunar í óravíddum geimsins. Allar eru þær ákaflega fjarlægjar, og því fremur nýlega uppgötvaðar sem slíkar, eftir að hátækniþróun hefur orðið til að opna mönnum nýja sýn út í víðáttur alheimsins. Birta sumra þeirra er slík, að hún er tugum þúsunda sinnum meiri, en öll útgeislun okkar vetrarbrautar. Slíkar vetrarbrautir eru kallaðar *kvasarar* (Quasars = stjörnum líkar).

Sérstakt dæmi um kvasara (Quasars), og sem augu stjarnvísindamanna beinast að sérstaklega, er vetrarbraut sú, sem fengið hefur skrásetningarnúmerið **S5 0014 + 18**, því hún er með þeim allra björtustu, þeirra, sem athugaðar hafa verið. Hún er talin vera í um það bil 10 biljón ljósára fjarlægð. Miðað við það, að þessi fjarlægðarútreikningur stjörnufræðinga sé nokkurn veginn réttur, telst þeim svo til, að heildarmagn ljóss- og útvarpsgeislunar þessa kvasars, sé um það bil 100.000 sinnum meira en heildar orkuútgeislun vetrarbrautar okkar.

Margar eða flestar af fjarlægustu efniseiningum alheimsins, þeim, sem sjáanlegir eru með hátækniúnaði, eru einmitt kvasar-vetrarbrautirnar, vegna þeirrar gífurlegu geislunar, sem frá þeim stafar. Þær eru á allra ystu mörkum hins sjáanlega og skynjanlega alheims, og því hættir ýmsum vísindamönnum til að álíta, að einmitt hér séu hinir raunverulegu útjaðrar alheimsins, ekkert sé til þar utan við, hvorki rúm né tími. En alveg má telja víst, að hér bregðist þeim bogalistin. Því þótt mannlegur hugur geti ekki rúmað eða gert sér að fullu grein fyrir óendanlega víðum alheimi, gæti hann ennþá síður skilið eða áttað sig á honum sem takmarkaðri stærð, því alltaf hlyti eitthvað að vera utan þeirra marka.

20. mars 1993
Ingvar Agnarsson

Þorsteinn Guðjónsson:

Víkingasýningin mikla

Víkingasýningin í Berlín (Wikinger, Waräger, Normanner) er einhver sú best heppnaða sagnfræðisýning, sem ég hef séð, enda er aðsóknin eftir því: Við urðum að standa í biðröð meðan hópum úr röðinni var hleypt inn. „Af hverjum stíg dreif liðið.“ Að sjálfsögðu eru vinnubrögð við uppsetningu og röðun af besta tagi, sagnfræðin vönduð, aðföng á gripum ríkuleg (meðal annars frá Eystrasaltslöndum, Rússlandi og Nýfundnalandi), skýringar stuttar og gagnorðar. En það sem einkennir þessa sýningu umfram annað er hve víðfeðm hún er í tíma og rúmi; skipuleggjendurnir hafa verið óhræddir við að sjá og sýna, hve víkingaöldin var stórkostleg og voldug og að um samfelt menningarsvæði er að ræða um margar aldir á víðu svæði. Og á þessu svæði öllu var töluð *íslenska* — tunga víkinganna, dönsk tunga, norræna, sænska allan þann tíma sem öldin mikla stóð, en þó sá ég þessa hvergi getið í gögnum sýningarinnar. Einhvern skörungsskap virtist vanta af íslenskri hálfu í því efni. Íslenska hómiliubókin er svo sem ágæt til málfræði- og málfarsrannsóknna, en að hún eigi betur við en Edda í þessu sambandi, tel ég meira en hæpið. Óneitanlega var það skrítið, þarna sem úrval víkingaaldargripa var saman komið, að vanta skyldi líkneski Þjóðminjasafnsins af Þór — hið eyfirska — en það líkneski hefði sennilega skipað öndvegi, ef fengist hefði. — Nema þetta, að bæði Eddu og Þór vantaði, *þýði það*, að Ísland muni ekki að ganga í eeseb, þrátt fyrir allt hið auðsýnda þýlyndi — þá hefur það verið vel ráðið, að láta Þór ekki af hendi. Því að hann er, samkvæmt öllum anda sýningarinnar, hið sanna tákn Íslands. — Það eru menntamálaráðherrar Norðurlanda og

sendiherrar í Þýskalandi sem leiða sýninguna úr hlaði ásamt Evrópuráði, og Þjóðhöfðingjar landanna eru verndarar, en þekktustu fræðimenn unnu verkið.

Die Berliner Heiden — Berlínarheiðingjarnir

Tvö félög í Berlín, annað gamalt, frá 1910, sem málarinn Ludvig Fahrenkrug stofnaði (Germanische Glaubens-Gemeinschaft, formaður Géza von Nemenyi), hitt nýlega stofnað (Heidnische Gesellschaft, form. Michael Pflanz) höfðu boðið mér að flytja erindi, í tilefni af víkingasýningunni. Fór þetta fram í Gamla hátíðasalnum í ráðhúsi Berlin-Charlottenburg en ræðuefni mitt var: „Snorri Sturluson, der Historiker des Wikingerzeitalters und der Retter germanischer Mythologie“, (Snorri Sturluson, sagnfræðingur víkingatímans, og bjargvættur germanskrar goðafræði — 45 mínútna erindi, vel sótt og vakandi athygli að sjá á andlitunum allan tímann). Eftir það fóru fram samræður í ölkjallara ráðhússins og varð mér þar betur ljóst en nokkru sinni, hversu fráleitt það er þetta ofboðslega Þjóðverjahatur, sem hér á landi hefur verið ræktað upp áratugum saman, í einhverjum pólitískum tilgangi, sem enn hefur ekki verið skýrður. Það er eftirtektarvert hve mörgum Þjóðverjum er beinlínis eins og hlýtt til Rússa. „Fólkið í Rússlandi er gott fólk,“ heyrir maður hvað eftir annað, einnig hjá þeim sem þar urðu að berjast sem hermenn forðum, gegn vilja sínum.

Hróður norrænnar menningar

Engum sem hefur augun opin fyrir atburðum líðandi stundar, dylst, að hróður fornnorrænnar menningar fer nú hærra en áður, og ýmsar villur þröngsýni og **smáhyggju** eru að hverfa. Víkingasýningin í París og Berlín er einn þátturinn; uppgröfturinn í York annað; hið frábæra starf, og gáfuleg ummæli dr. Birgitta Wallace í Halifax, varðandi rústirnar á Nýfundnalandi er enn eitt. Svo mikið er að gerast í þessum efnum, að heita má að í hverri viku komi fram eitthvað verulegt og nýtt. Eftir að ég er byrjaður að setja þetta saman heyrir ég í útvarpinu ágætt erindi um kenningu

sænsks fræðimanns um hafnarmörk við Eystrasalt, sem hann telur öll hafa verið helguð Þór enda þótt hann væri sumstaðar nefndur öðrum nöfnum, eins og Svantevit með Vindum, Perkunas með Litháum eða Hukko með Finnum. Kenningin er athyglisverð, þótt hún segi ekki allt. Ekki má heldur gleyma „Þjóðarþeli“ útvarpsins, sem oft hefur furðuvel tekist til með, og stundum ágætlega. En reyndar er það svo margt, sem fram kemur í þessum efnum, og í svo miklum uppgangi, að það þyrfti heila stofnun til að fylgjast með því öllu. Þó dettur mér í hug að bæta einu við.

Burt með hræðsluna við eigin uppruna

„Kerlingahræðslan“ við víkingaöldina hér á landi hefur mér aldrei þótt tilkomumikil, og oftast vottur um mikla vanþekkingu. Þær hinar sömu hafa stundum verið nógu auðsveipar við ýmsa tindáta og útsendara nútímans, sem lítils virði voru — ómenni sem sprengja og drepa á lymsku-legasta — og ónorrænasta — hátt. Reyndar eru það íslenskir „meykarlar“ sem bera frumábyrgðina á þessari íslensku smámenningu, sem menn ættu að geta farið að hrista af sér. — En hvað sem slíku líður, er ég ekki í vafa um, að víkingasókn þessara ára er af sönnum og góðum toga spunnin. Allur aðdragandinn, og sívaxandi þungi sóknarinnar á ótal sviðum, bendir til þess, að stórt sé fitjað upp. Og slíkt getur ekki verið neitt einsmanns-verk, eða einnar nefndar eða neins sem stjórnað er úr einum stað. Þetta kemur úr öllum áttum. Ýmsir frægir menn hafa sagt, að þeir heyri eins og fótatak guðs í streymi atburðanna. Og það er mikil ástæða til að ætla að í þetta sinn sé það vor guð, og vorir guðir, sem eru á ferð. Þessi furðuöfluga víkingahreyfing kann að vera síðasta tilraunin sem gerð er, frá öðrum hnöttum, til að bjarga þessari helstefnujörð frá geigvænlegum endalokum.

Þorsteinn Guðjónsson:

Alnorraen Vínlandsstefna

Á miðopnu í Morgunblaðinu 4. janúar 1992 er grein með fyrirsögninni *Enn um Vínland*, höfundur Úlfar Bragason, og er þar ádeila á skrif Margrétar Þorvaldsdóttur um Vínland og kynningu á Leifi Eiríkssyni vestanhafs. En þar sem mér sýnist að orðaskipti, þó svo að af þeim yrði, gætu orðið til að draga athygli frá því sem mestu skiptir vil ég benda á örfá atriði. Það sem mér þótti allræmestur slægur í hjá Margræti var sú fregn, að Íslendingur hefði á fundi mjög vel menntaðra og fróðra manna vestanhafs, lesið upp úr Vínlandssögunum; skýrt þær sögur og stöðu Leifs í mannkynsögunni. Þar var Íslendingur í réttu hlutverki og er það mikill misskilningur hjá ÚB ef hann heldur að það sýni „brest á þekkingu“ hjá dr. Sigmundi Guðbjarnasyni að lesa beint upp úr sögunum. Hitt er heldur, að of smásmuguleg og nærsýn „heimildagagnrýni“ hafi stundum leitt fræðinga afvega.

Ég segi því enn sem áður, að rústir Helge Ingstads á Nýfundnalandi hafa staðfest sannfræði Íslendingasagna. Sá fornleifafundur var makleg sneypa fyrir þá smáhyggju, sem of lengi hafði drottnað.

Síst er mælandi á móti því, að unnið sé með Norðmönnum og öðrum Norðurlandabúum að því að efla frægð Leifs, í stað þess að vera sífellt að kýta um hvað sé hvers. „Yfirþjóðleg“ norræn stefna væri vissulega það besta í þessu máli, en sú stefna veður þó að byggjast á rökum og réttu markmiði. Til dæmis þetta, sem horfið hefur sjónum marga, að forn-Skandinavarn voru miklir þjóðernissinnar; sænsk þjóð segir snillingurinn norski, Þjóðólfur úr Hvini (um 900), í ógleymanlegum bendingum. Í fornum lögum ís-

lenskum (Grágás) eru skýr ákvæði af fornri rót, um rétt *Norðmanna, Dana og Svía* á Íslandi; taldir betri en aðrir menn. Og þeir, sem eru vel læsir á dróttkvæði, vita að „álhimins-lendingar“ hjá Eyvindi skáldaspilli, í vísu frá því um 975, þýðir **Íslendingar** og annað ekki (ís er himinn álanna, sem undir synda). Það er sagnfræðilega víst, að farið var að tala um þessar fjórar aðgreindu þjóðir ekki síðar en á tíundu öldinni. Og þekkt er, að með stofnun goðaveldis árið 930 var hér komið upp sjálfstætt ríki, sem ekki leyfði erlend afskipti.

Tími þjóðernishyggjunnar er vissulega kominn aftur. En það sem skiptir sköpum er hvers eðlis hún verður. Einungis frá Íslandi verður unnt að skapa þess konar stefnu, sem rétt fordæmi gefur.

(Mbl. 26. janúar 1992)

Þorsteinn Guðjónsson:

Sannað mál

„Ágiskanir eða staðreyndir?“ spyr Þorsteinn Óskarsson eðlisfræðingur (í „Bréfum til blaðsins“, Morgunblaðið 10. maí '92) í tilefni af frétt um fornan steingerving, sem fundist hafði í jarðlögum. „Ef til vill getur sérfróður maður frætt mig um hve mikið er búið að sanna varðandi þróun lífsins,“ segir Þ.Ó. og vona ég að þau orð þurfi ekki að taka þannig, að hann telji lítið vera sannað í því efni. Ég er ekki sérfróður um þau efni, alls alls ekki, og þó ... hvað er í koti karls? Vegna þeirra, sem rengja kenningu Lamarcks og Darwins um framþróunina — en þeir eru vissulega til enn — skal þetta sagt:

Kenningin um framþróun tegundanna er söguleg, varðar sögu lífsins og uppruna þess, og verður því aldrei metin á

mælikvarða hinnar endurtakanlegu tilraunar, því síður (eða eingöngu aukalega) stærðfræðilegrar sönnunar, en hún tengist sögu jarðarinnar (jarðfræði) og sögu stjörnugeimsins annars vegar, en sögu mannkynsins hins vegar. Í báða þessa „enda“ eru sannanirnar, hin sögulegu rök, óyggjandi. Það er óhugsandi, að þróunarkenningunni verði hrundið, meðan nokkur skynsemi og menntun helst við á þessari jörð. Jafnvel þótt undirstöðusinnar (fundamentalistar) kæmu sér upp hundrað háskólum vestra, þar sem bannað væri að segja frá þróuninni, yrðu alltaf einhver ráð til að benda á mótsagnir þeirra, sem þar standa að.


Eðli lífsins er geislun frá stjörnunum. „Lífið er neisti frá efni stjarnanna,“ sagði vitringurinn Herakleitos fyrir 2500 árum. En Pýþagóras, sem uppi var um líkt leyti orðaði þetta öðruvísi. „Sálir manna og dýra eru komnar frá stjörnunum,“ sagði hann. Og í kristilegum latínusálmum sem heyrðist sunginn „í lofti“ á hlaðinu á Skálholti árið 1133 var þetta:

Svo endurgafst sálin hinum heiðu himinstjörnum.

Lambert biskup taldi, að menn færu eftir dauðann til annarra stjarna. Orðalag og skáldlist hins ágæta biskups sagði jafnvel meira en hann gat á þeim tíma hafa gert sér fulla grein fyrir.

Er ég kominn of langt frá spurningunni um þróunarkenninguna? Ekki finnst mér það. Þráðurinn er óslitinn, varðandi sögu og eðli lífsins. Ég vona að þetta skýri málin fyrir þeim, sem horfa opnum hugaraugum fram á veginn.

Mbl. 16. júní 1992.



Sýndarbirta og litir stjarna fara eftir hita þeirra og stærð.

Benedikt Björnsson:

Enginn fæðist af móður nema einu sinni

(Framhald úr fyrri hefti Lífgeisla nr. 74)

Gagnverkan skynhrifa og skilnings

Mikilsvert er að gera sér ljóst hvað það er sem mótar alla úrvinnslu skynjana, hvort heldur hugurinn grípur þær af eigin frumkvæði eða þær þrýstast inn í hugann frá öðrum. Þá ræður miklu hvað maður heldur eða trúir um hið skynj-
aða fyrirbæri. Samanburður milli skyldra þjóða og sérstak-
lega við það sem kallað er frumstæðir menn leiðir glögglega
í ljós að einstaklingar skynja veröldina á misjafnan hátt.

Best sést þetta ef það snertir það sem kallað er yfirskilvit-
leg fyrirbæri eða trúarbrögð, t.d. hvað úrvinnsla einstakra
upplifana sama eðlis er önnur hjá hinum guðspekitrúaða en
hjá hinum sem trúir á líf á öðrum stjörnum. Guðspekingur-
inn vill gleyma sjálfi sínu í uppljómun, en hinn litast um. Í
miðilssamböndum verður frásögnin önnur. Þetta snertir líka
mjög það sem ég ræddi um hér fyrr, draumana, því að sá
sem um árabíl hefur treyst skýringum íslenskrar heimspeki
um draumasambandið upplifir það að lífið er honum annar
veruleiki, vegna þessa skilnings.

Trúarbrögðin og skilningur

Kenningar eru statiskar og engin þekking sem við höfum
tileinkað okkur, eða trú, er hinn endanlegi sannleikur allur.

Hversu margt gott og fagurt sem er í trúarbrögðunum er
líka mikið af fornum misskilningi sem þarf að leiðrétta ef
þeim á að takast það ætlunarverk sitt að frelsa heiminn. Ég
tek hér misskilningsdæmi: Við altarisgöngu útdeila prestar
blóði Krists og gefa mönnum að smakka á líkama hans.
Þetta á að vera táknrænt og byggist á orðum Krists. Astekar
slátruðu hinum fríðustu föngum á altari við trúarathafnir,

skáru í bita og útdeildu sem hinni blessuðu fæðu í nafni trúar sinnar.

Skýring íslenskrar heimspeki á trúarbrögðunum er eftirfarandi: Öll trúarbrögð verða til við virkt samband við fullkomnari verur á öðrum hnöttum, stundum svo nákamið að maðurinn segir: „Ég og faðirinn erum eitt.“ Oftast er sambandið ófullkomið og margt aflagast í heila hins ófullkomna manns. Menn skynja orkuflæði frá öflugri lífstöðvum og hinni fullkomnu veru, en þegar skilninginn vantar og rétta úrvinnslu hjá móttakandanum getur hið aðsenda snúist til ills eins og hjá Astekum.

Þar sem og þegar vel er lifað á þessari jörð eigum við hlutdeild í guðsríki, en þegar þjáðst er og lífinu misþyrmt er helvíti. Þetta eru ekki trúarbrögð heldur skilningur í náttúrufræði. Að vita að með líferni sínu er maðurinn að móta sér framtíð er líka skilningur í náttúrufræði og að við andlát hér á jörðu fer maðurinn til sér skylds en öflugra aflsvæðis, betra eða verra, á annarri stjörnu, það er líka skilningur í náttúrufræði. Íslensk heimspeki virðir trúarbrögðin, veit að einlæg bæn hins trúaða manns er heyrð þegar hann í neyð sinni ákallar guð sinn og biður um hjálp, og margir skynja svörun og öðlast frið. Þannig er það í öllum trúarbrögðum, jafnt kristinni trú, búddatrú og trú á hina misskildu æsi. Þetta byggist á lögmáli lífgeislunarinnar.

Endurburðarkenning guðspekinga og íslensk heimspeki

Endurburðarkenning guðspekinga er gamall misskilningur svo sem fyrr er vikið að í grein þessari. Látinn maður frá þessari jörð endurlíkamnast á annarri stjörnu samkvæmt íslenskri heimspeki. Sú líkömnun er oftast á því aflsvæði, þar sem ætt manna er, sérstaklega þegar fólk deyr ungt. Þegar menn andast aldraðir er oftast horfin elli og hrumleiki og maðurinn eins og hann var best á sig kominn.

Oft eru menn lengi að átta sig á því að þeir eru líkamlegir á annarri stjörnu. Þetta á einkum við ef menn hafa lengi verið veikir, ruglaðir eða farist snögglega. Þeir eru bundnir

við minningar frá þessari jörð — jarðbundnir. Við höfum þess dæmi hér á jörð að menn lifa svo í minningum sínum að þeir skynja ekki sitt rétta umhverfi.

Látnir menn eru fyrst eftir flutninginn bundnir í huganum við gamla staðinn, því er það að næmir menn verða varir við huggeislun þeirra og stundum tilfinningalega (ég vísa til þess að hver geislar öllu sjálfi sínu) og þar sem maðurinn hefur lifað er sterkust minningin um hann prentuð í huga ættingja og vina; hlutum og umhverfi.

Þegar þetta kemur allt saman, fjargeislun hans til manns eða manna þar sem minningin um hann er sterkust og móttakandinn er næmur, getur þeim manni birst hinn látni í sýn og jafnvel með hluta af lífafli sínu efnað honum vísi til skyndilíkama. Slíkt er vísbending um það sem gerist á framlífsjörðum þar sem lífið er þúsund sinnum öflugra en hér.

Guðspekingar nefna það til stuðnings kenningu sinni um endurfæðingu að sumir menn hafi minningar frá fyrra lífi. Samkvæmt íslenskri heimspeki fá menn oft hlutdeild í minningum annarra. Við erum alltaf í lífsstarfi okkar að tengjast minningum annarra. Sumir tengjast svo ákveðinni persónu að þeir fá föst tengsl við hana. Sé það við þroskaðan einstakling getur það verið til góðs en oftast er það við ruglaða einstaklinga á annarri stjörnu. Ég hefi fullyrt að allir menn eru í einhverjum samböndum úti í alheimi, en áberandi eru hin rugluðu sambönd. Það er mjög í tísku að þekkt fólk riti bækur um fyrri lífsminningar. Þetta er verulega peningagefandi og ýtir það undir útgáfustarfsemina. Þetta er samansafn af misskilningi, skáldskap og lygi.

Til er fólk sem stundar það að segja öðrum frá fortílu þess og hvað það hafi verið í fyrra lífi. Tvennt er áberandi:

1. Viðkomandi á að hafa verið þekkt persóna einhvern tíma, t.d. eru í henni Ameríku núlífandi endurbornar fleiri en eitt hundrað Kleópötrur og hver um sig hin eina og sanna þessi þekktu úr sögunni.
2. Einstaklingur sem fer til nokkurra fyrralífsfræðara reynir það að þeim ber ekki saman og því fleiri sem farið er til verður þetta skrautlegra því hver einn fræðarinn útteilir

a.m.k. einum til tveimur stórmönnum sögunnar sem viðkomandi á að hafa verið. Það er e.t.v. tilvinnandi að greiða dálitla peninga fyrir það til þess að hressa upp á sjálfstraustið að heyra að maður hafi verið stórmenni í fyrra lífi, t.d. Alexander mikli.

Sá einstaklingur sem fer til atvinnuþóttans sem tengist dulrænum hreyfingum getur lent undir því áhrifavaldi sem er honum skaðlegt. Áhrif sefjunar gefa mönnum ákveðna þægileikakennd en segir ekkert um það hvað er æskilegt eða ekki. Menn hafa stundum unnið hin verstu verk og haldið að þeir væru að gera eitthvað gott og þarft. Endurfæðingarkenning guðspekinga stenst hvorki erfðafræðilega né stærðfræðilega, miðað við allar fæðingar hér á jörð, að hver geti aðeins verið endurborinn í einni persónu í einu. Þessi kenning tefur fyrir þroska þess manns sem ánetjast henni.

Um miðla

Svo sem fyrr er greint geislar hver maður sér út í alheiminn í allri sinni lífsstarfsemi. Hann er móttakari aðsendra áhrifa og lífgeislunar einhvers staðar úr alheimi. Allir menn eru í einhverjum mæli miðlar. Þeir sem stunda fyrirbærir fyrir sjúkum og hrjáðum vinna miðilsstarf. Þeir sem gefa sig í það að halda miðilsfundi með skyggnilýsingum eða tali framliðinna manna eru skilgreindir sem miðlar. Miðlar eru misjafnir og þeir eru til sem dæma alla miðla ranglega af þeim sem staðnir hafa verið að svikum. Það er álíka rangt og að dæma alla bankamenn þjófa af þeim fáu sem stela í bankanum þar sem þeir vinna. Að vera miðill er að rýma eigin vitund fyrir annarri aðsendri. Í stétt starfandi miðla er fólk með veikt sjálf, sem lifir ekki nógu heilbrigðu lífi. Þeir eru meira og minna í rugluðum samböndum vegna ranghugmynda um sambandið og stilliáhrifa umhverfisins og þeirra sem sitja með þeim á miðilsfundum. Því er afar oft lítið mark takandi á því sem sumir miðlar segja. Þeir kunna þó oft að lýsa því sem liðið er. Hinir eru margir sem eru miklir heiðursmenn og vandaðir í hvívetna og þó skortir á það að

skoðanir sumra séu nógu réttar. Þeir vinna merkt líknar- og lækningastarf í anda kærleikans.

Allt sem til varanlegra framfara horfir byggist á grunni þekkingar, t.d. í læknisfræði svo dæmi sé tekið. Vanti þekkingu verða hlutirnir handahófskenndir, því er svo afar mikilsvert að vita hið rétta. Þá fyrst er hægt að skapa hin réttu skilyrði svo viðfangsefnið takist.

Lokaorð

Kenning íslenskrar heimspeki um lífið í alheimi skýrir margt sem ekki hefur verið skilið áður, t.d. í miðilssamböndum og trúarbrögðum.

Ég tel líklegt að ekki verði neinar teljandi framfarir í sál-arfræði né heimspeki nema á grunni aukinnar þekkingar á lífinu, hinu mikla alheimssambandi þess, þ.e. grunni íslenskrar heimspeki.

Það virðist ekki hafa verið út í bláinn Þegar dr. Helgi Pjeturss skipti framvindunni í tvennt, lífstefnu og helstefnu — fyrir 70—80 árum og taldi þunglega horfa með framvinduna á þessum hnetti og til þess að afstýra hruni þyrfti að ná betra sambandi við menn á öðrum hnöttum en náðst hefði með trúarbrögðum.

Enn mun líða nokkur tími þangað til hægt verður að halda fyrsta blaðamannafundinn með skyndilíkömuðum vini frá annarri stjörnu, t.d. í Perlunni á Öskjuhlíð, en það væri þó hægt með réttum undirbúningi.

Grein þessi er byggð á drögum að riti um íslenska heimspeki, sem ég hefi unnið að í ígripum.

Heimspekistofa dr. Helga Pjeturss

Heimspekistofa dr. Helga Pjeturss var stofnuð 29. 3. 1989. Stofnandi hennar var Benedikt Björnsson, með stuðningi Einars Matthíassonar, fyrir hönd ættingja dr. Helga Pjeturss.


Hinn 16. október 1990 staðfesti dóms- og kirkjumálaráðuneytið skipulagsskrá heimspekistofunnar, sem er sjálfs-eignarstofnun.

Kristín G. J. Sigurðardóttir, Austurbrún 2, Reykjavík, sem andaðist 4. nóvember 1990, arfleiddi heimspekistofuna að öllum eignum sínum. Kristín, sem hvatti mjög til stofnunar heimspekistofunnar, mælti með tveimur mönnum í stjórn hennar, Samúel D. Jónssyni og Guðmundi Jóhanni Guðmundssyni og eru þeir í stjórn hennar ásamt Benedikt Björnssyni.

Tilgangur stofnunarinnar er tvíþættur. Annars vegar að halda uppi minningu dr. Helga Pjeturss og safna á einn stað sem flestu, t.d. munum og ritum sem snerta persónu hans, og erum við þakklátir öllum sem vilja veita lið í þeim efnum. Hins vegar að vinna að skilningi á íslenskri heimspeki, sem dr. Helgi Pjeturss er höfundur að.

Höfundur er forstöðumaður íslenzku heimspekistofunnar og fyrrum forstjóri byggingafélags. (Lesbók Morgunblaðsins 28. febrúar 1992.)

Óríon: Stjörnumerkið fagra



Stjörnumerkið Óríon er með fegurstu stjörnumerkjum himins.

Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka:

Vísað til vegar

Það var síðla dags í ágústmánuði 1929 að við á Prestsbakka urðum þess vör að allir hestarnir, nema ein hryssa er Brúnka hét, voru lagðir á strok. Hestarnir höfðu verið heima við tún nema Brúnka sem var innan túns og nú héldu þeir inn með firðinum í áttina til átthaganna Kvennabrekku í Dölum, þaðan sem þeir og við öll heima höfðum komið áður.

Við fréttum af för hestanna símleiðis frá Hlaðhamri sem er bær nokkru innar með firðinum en Prestsbakki, en þeir voru svo styggir að ekki var viðlit að stöðva þá. Nú vildi svo til að enginn fullorðinn var heima nema móðir mín, en ég var orðinn tíu ára og þóttist vel fær um að fara á eftir hestunum á Brúngu og ná þeim.

Móðir mín var treg til að leyfa mér að fara en þegar ég benti henni á að breiða ætti hey á engjum og flytja heim daginn eftir lét hún tilleiðast.

Ég lagði á Brúngu og kallaði á Loðinn hundinn minn og hélt svo af stað. Veðrið var gott, logn og hlýtt en lágskýjað og fremur dimmt yfir.

Ferðin gekk vel inn með firðinum og ég kom við á Hlaðhamri, en þar var sagt að hestarnir hefðu stefnt upp að bænum Laxárdal en þaðan hefði sést til þeirra halda upp á Laxárdalsheiðina svonefndu, sem er á milli Hrutafjarðar og Laxárdalshrepps í Dalasýslu.

Nú fannst mér ekki um annað að gera en halda upp á heiðina og fór ég fram hjá Laxárdalsbænum og hélt upp á troðningarnar sem lágu á heiðinni.

Enn hafði þykknað í lofti og nú komu þokubólstrar sem gerðu mig órólegan, enda leið ekki á löngu uns ég tapaði af

troðningunum og hélt þó áfram uns ég kom að litlum bæ sem var framar á heiðinni. Ég vissi að bærinn hét Kvíslaseli og vissi ennfremur, að þar hafði föðurafi minn, Guðni Einarsson fæðst og systkini hans, en þar höfðu foreldrar Guðna búið um tíma.

Enginn var heima í Kvíslaseli er ég kom þar en mér varð litið upp í hlíðina nokkru fyrir ofan bæinn og sá þar mann standa og horfa til mín, því nú var þokunni að léttu.

Ég hvatti Brúngu og þeysti í áttina til mannsins, en þegar ég var rétt kominn til hans, sá ég, að hann benti upp í hlíðina.

Sá ég þá til símastaura er ég leit þangað og vissi nú hvert ég skyldi stefna.

En þegar ég leit til mannsins aftur var hann horfinn.

Vissi ég þá að þarna var framliðinn vinur að vísa mér til vegar og var ég alls óhræddur, en Brúnka mín tók hart viðbragð og hljóp burt eins hratt og hún gat.

Einnig varð hundurinn minn svo hræddur, að hann hljóp ýlfrandi á undan okkur.

Loks gat ég stillt Brúngu og Loðinn, stóri skoski fjárhundurinn minn, sefaðist og við héldum af stað í rétta stefnu á troðningana.

Síðar kem ég niður í Laxárdalinn og frétti þar að hestarnir okkar hefðu verið teknir á Dönustöðum og geymdir þar í húsi.

Að Dönustöðum kom ég seint um kvöldið og fékk þar hestana og lagði af stað aftur yfir á heiði og heim á leið en þangað kom ég, er halla tók að morgni.

Aldrei var ég hræddur á heiðinni, en þó man ég, að ég hrökk við ef fugl flaug upp, sem gerðist tvisvar.

Ég þóttist maður með mönnum, er ég kom heim með hestana alla því nú var hægt að flytja heyið heim næsta dag.

Enn er ég þakklátur þessum framliðna manni, sem vísaði mér ungum dreng til vegar á miðri heiði. Síðar frétti ég að einmitt þarna, sem ég sá manninn, hafði maður orðið úti fyrir löngu, en ekki leiði ég getum að því, að það hafi verið sá sem ég sá.

Þorsteinn Guðjónsson:

Ormur frá öðrum hnetti og framgangur norrænnar stefnu

Vatnaskrímsli, lagarfljótsormur, sást í vatni í Svíþjóð í síðustu viku maímánaðar. Á hann sér langa sögu eins og fleiri hans líkar; sáu þrettán manns og ber öllum saman, en mestum tíðindum gegnir þó hitt að málið er ekki rengt. Gagnstætt því, sem lengi hefur viljað við brenna, er nú tekið mark á lýsingum sjónarvotta, og ganga vísindamenn á undan; eru komnir á staðinn, úr mörgum sérgreinum, hver með sínar rannsóknaraðferðir. Það mætti láta sér detta í hug, að sigur norrænnar stefnu í dönsku kosningunum hafi staðið í einhverju sambandi við þann líkamning frá annarri stjörnu, sem ormurinn virðist verið hafa. Með fáum orðum má gera grein fyrir því sem gerst hefur. Þótt flestum þyki málið ótrúlegt, leynist ekki sannleiks markið. Lengra komnir, framliðnir Norðurlandabúar hafa miklar áhyggjur af örlögum þjóða sinna og afkomenda. Reyna þeir allt hvað má að láta vita af sér, en þá er auðvitað fyrsta mál að menn skilji, að framliðnir eru til. En þetta er torvelt, því að menn vantar þá undirstöðu sem þarf. Gegnum miðla og skyggnt fólk tekst þó stundum að koma einhverju fram, sem verður vísir að öðru meira. En framlífsmenn sáu það fyrir, að undirgefni við Maastricht mundi þýða endanlegan ósigur fyrir allt norrænt. Þessvegna tóku þeir sig á, og tókst það sem þeir ætluðu sér — í bili.

Stjórnámálamenn hef ég aldrei viljað lasta, að neinu ráði. En hugur þeirra er einatt bundinn föstum rásum, sem þeir halda að séu hinar einu skynsamlegu, en eru það þó ekki alltaf. Það er ekki gott, ef hugurinn verður ófrjáls og ófær um að sjá hið nýja og óvænta. Áður en stjórnámálamönnum takist að leiða Norðurlönd í gildru Maastricht-samþykktarinnar, verða þeir að sanna að ormurinn sé ekki til. Ormurinn og dönsku kosningarnar eru þýðingarmeiri viðburður en öll Ríó-ráðstefnan.

Tíminn 1. júlí 1992.

Ingvar Agnarsson:

Nauðsyn æðri lífsambanda


Þegar þjóð, sem mikið hlutverk er ætlað, bregst köllun sinni, þá er henni voðinn vís.

Hvernig má slíkt verða?

Allt í tilverunni stendur í rökréttu samhengi hvað við annað. Guðasamband er nauðsyn hverri þjóð. Meðan hún reynir að rækja það hlutverk sem henni er ætlað, nýtur hún sambands og magnanar frá lengra þróuðum lífstefnumannkynjum á öðrum hnöttum, en bregðist hún ætlunarverki sínu, þá rýfur hún þar með það samband og þá magnan, sem komist hafði á. Eftir það getur hún ekki velli haldið, og hlýtur að biða lægra hlut í baráttunni fyrir tilveru sinni. Andleg og líkamleg reisin er merki sambands og samstillingar við æðri mátt, en hrörnun og afturför er merki um hið gagnstæða.

(61)

Mbl. 25. janúar 1990.



Afar björt halastjarna sást á himni árið 1843. Myndin sýnir hana séða frá París.

Jón Magnússon:

Til Dr. Helga Pjeturss

31. mars 1927.

Ofar öræfum
allra landa
sannleikans sólarfjöll
blika í bifröstum
blárra himna,
hærra en hugir sjá.

Ein er þrá
alls er lifir:
sókn til hærri heima.
Grein af stofni
og gras af mold
— Svo er lífsins saga.

Örlög hafa
öllum gróðri
setta þraut til þroska.
Kaldur er snauðu
kotungs barni
is við berar iljar.

Einbúar andans,
aðalsmenn þjóða,
vegu kaldasta kanna:
klífa klökug björg,
kálnir á hjarta.
— Og ganga á bál með Brúnó.

Eitt er lögmál,
sem aldrei bregzt:
Sannleikur skal sigra.

Til yztu veralda
endimarka
vaka verðir hans.

Því var aldregi
æviharmur
borinn bótalaust.
Eilífðar akur,
sem aldir sá,
gefur guði ávöxt.

— Árdísir Íslands
á aldamorgni
færðu heimi fórnir,
en hærri hlutverk,
ef heillir ráða,
skipar lýðum Skuld.

Hlægir mig, Helgi,
að haukar fljúga
hátt yfir frónskum fjöllum.
Íslands hamingju
út í veröld
flytja hvítir fossar.

Heill sé þér, Helgi,
sem hæstan ber
yfir norræn óðul,
Gestur að vizku
með Gunnars litu
og anda Ingimundar.

Í hnattahljómi
þinn hróður vari,
meðan blástjörnur blika,
sólarsifjungur,
sonur bláfjalla,
Örn við Íslands haf.

Úr: Bláskógar II., ljóð, 1945.

Eyjan græna

og staðurinn merkilegi

Mig dreymdi. Ég sat á einhverjum stað og sá þaðan vítt yfir land. Þetta var líkt og ég sæti uppi á mikilli hæð eða fjalli, því útsýni þaðan var mikið. Mér þótti landið sem ég horfði á vera flatlent. Það var eins og breiður skagi, sem mér þótti ganga í norður frá einhverju meginlandi, sem ég hafði þó ekki fyrir augum. Mér þótti allur þessi láglandi skagi vera gróðri þakinn. Ég horfði norður eftir skaganum og í austur-átt að mér fannst, blánuðu austur- og norðurmörk skagans vegna fjarlægðar. Norður úr skaganum gekk nes eitt alllangt og mjótt fremst og að vestan og norðan við þetta nes lá eyja allstór aðskilin frá nesinu af mjóu sundi.

Ég þóttist vita af einhverjum mjög merkilegum stað á þessu landi, og þótti mér sá staður heita **DEKKA**. (Vera má samt, að nafnið hafi eitthvað brenglast hjá mér.) En ekki vissi ég, hvar hans væri helst að leita. Ég þóttist hafa hjá mér landabréf og fór ég nú að bera það saman við landið, sem ég hafði fyrir augum, og bar það allt saman í stórum dráttum. Leitaði ég að nafninu DEKKA víða um kortið, en fann ekki. Voru á kortinu mjög mörg prentuð nöfn og öll með smáu lettri. Loks fór ég að leita á efri enda kortsins, þar sem eyjan var sýnd, og sá þá undireins, að þar stóð nafnið DEKKA með stórum stöfum, ég held stærri stöfum en voru annars staðar á kortinu. Á eyjunni voru einnig rituð önnur nöfn, en öll með mjög smáu lettri, eins og annars staðar á kortinu, og reyndi ég ekki að lesa þau. Ég tók eftir, að öll rituð nöfn stóðu lárétt á kortinu, en það er ekki algengt á þeim landakortum, sem tíðkast hjá okkur.

Ég varð mjög glaður við að finna þetta nafn, DEKKA, og ég undraðist nokkuð, að þessi merkilegi staður skyldi vera

úti á þessari eyju. Ég þóttist sjá á kortinu, hvernig komast mætti á bifreiðum út í eyjuna. Var leiðin mörkuð með punktum, í sveig yfir sjóinn til suðurenda eyjarinnar sjálfrar, þá sá ég einnig, að sjórinn var þarna dekkri en annars staðar. Þótti mér, sem þarna mundi vera rif nokkurt og væri sjórinn á því svo grunnur að vel mætti komast eftir því milli eyjarinnar og lands.

Ég horfði þó nokkra stund til eyjarinnar, sem blánaði í fjarskanum og mér þótti mikið til um, að nú vissi ég hvar væri þessi merkilegi staður, sem ég hafði verið að leita að. Ekki kom fram í draumnum, svo ég muni, að hverju leyti þessi staður væri svo merkilegur.

(22)

*Ingvar Agnarsson.
(Dreymt um 14. maí 1971)*



„Þekking þarf að koma í stað dulrænu og trúar.“

H.P.

Hellisgöngin ógnvænlegu

Í draumi þóttist ég vera kominn sem ferðamaður á einhvern stað nærri sjó. Ætlaði ég að skoða það, sem hér væri skoðunarvert.

Mjótt nes, hálent og klettótt, gekk í sjó fram. Gekk ég nú að þessum klettum, ásamt fleira fólki, sem einnig vildi skoða svæðið. Þar á meðal voru nokkur börn og unglingar. (Mér þótti einn náinn frændi minn vera þarna með í för í byrjun draums, en ekki veitti ég honum sérstaka athygli og get því ekkert sagt um útlit hans. Þetta er eina rangþýðing draumsins og hvarf hún reyndar fljótt eftir að meiri festa komst á sambandið.)

Við fengum fylgdarmann og var farið með okkur inn í hella eða frekar mætti segja, mikil og löng göng sem lágu inn í klettana. Þótti mér þau gerð af manna höndum. Við gengum öll eftir göngum þessum. Voru þau mjög hlykkjótt, en víða lágu hliðargöng út frá aðalgöngunum. Vissi ég (eða þóttist vita) að þessi aukagöng lægu sum að vinnustöðum í hellishvelfingum, sem höggvin væru í bergið, en önnur lægju niður að sjó og lægju þar skip við bryggjur. Og er lengra var haldið sá ég suma þessara vinnustaða, en þó aðeins tilskýndar. Þótti mér alls staðar vera fremur bjart þótt inni í bergi væri.

Sumsstaðar komum við út í hellisop, og sá ég þá hvar fjöldamörg skip lágu við ströndina, sum við akkeri skammt frá landi, en önnur við bryggjur. Þótti mér þetta vera flutningaskip, flest allstór, og flyttu þau efni og varning bæði að og frá þeim miklu vinnustöðum, sem staðsettir væru í hellum og jarðgöngum um allt þetta nes.

En eftir því sem ég gekk hér lengur um, þá fylltist hugar

minn sífellt meiri vanlíðan og skelfingartilfinningu, því það rann skýrar upp fyrir mér, að allir ynnu hér í þvingunarvinnu, væru í raun fangar og væru þrælkaðir til hins ýtrasta.

Þá fékk ég það og á tilfinninguna (eða það var eins og upprifjun minninga) að ég hefði komið hér tvisvar sinnum áður í þeim tilgangi, að kynna mér allar aðstæður og aðbúð hinna illa stöddu manna. Þóttist ég einnig vera hér nú í sama tilgangi. En mér þótti ég litla vitneskju fá í þetta sinn, því okkar væri svo vel gætt, og fengjum við alls ekki að koma á staðina þar, sem verst væri búið að starfsmönnum.

Mér þótti við ganga allt nesið á enda, eftir göngum inni í klettunum. En loks var snúið við og gengin sama leið til baka. Mér þótti unglíngarnir, sem voru með í förinni heldur óstilltir, og þeir vildu sjá hér fleira en leyft var. Hurfu þeir annað slagið inn í göng og afkima og óttaðist ég, að þeir mundu villast eða verða teknir. En þeir komu alltaf aftur og slógust í hópinn og létti mér þá í hvert sinn.

En skelfingartilfinningin, sem hafði gagntekið mig hvarf mér ekki, heldur jókst smám saman. Það var eins og einhver ógn lægi hér í loftinu og fyllti alla vitund mína.

Nærri leiðarlokum komum við á einn stað, sem var mjög dimmur og ógnvænlegur. Þar stóðu margir einkennisklæddir menn í röð, og þótti mér þeir eiga að handtaka hvern þann, sem kynni að hafa gerst of forvitinn um ástand þessa staðar, eða sem þeim þætti grunsamlegur á einhvern hátt. Þeir horfðu rannsakandi á hvern og einn okkar, en engan tóku þeir, og létti mér mikið, er við vorum öll komin fram hjá þeim. Loks komumst við undir bert loft, út úr þessum klettagöngum, þangað sem lagt hafði verið af stað inn í bergið í upphafi ferðar.

Hér endaði draumur.

Var hin ógnþrungna tilfinning allnokkra stund að hverfa úr huga mér.

(356)

*Ingvar Agnarsson.
(Dreymt 12. janúar 1986)*

Hvolfhýsið bláa

og bláir tónar og söngur

I.

Mig dreymdi að ég væri úti staddur á sléttu svæði. Mér fannst allt vera bláleitt. Skammt frá mér sá ég tiltölulega lítið hús hvolflaga. Einnig það var bláleitt. Þaðan heyrði ég óma tónlist og söng. Ég gekk að húsinu og inn í það.

Það var hringlaga salur. Allur var hann í bláleitum litatónum, og bar mikið á þeim djúpbláu. Í miðjum sal sat maður við hljóðfæri og lék og söng, en allt í kringum hann voru sætaraðir, þéttskipaðar áheyrendum.


Ég heillaðist mjög af leik mannsins og söng. Og það undarlegasta var, að mér fannst tónarnir og einnig söngurinn hafa á sér ýmsan litblæ, en blái liturinn var þar langmest áberandi í ýmsum tón- eða litbrigðum.

Upp frá þessu vaknaði ég og undraðist draum minn. Og það merkilegasta var, að sjaldan hefur mér liðið jafnvel, eins og einmitt eftir þennan draum.

II.

Aldrei fyrr hef ég í draumi skynjað tóna eða söng í litum. En heyrt hef ég um og lesið sitthvað af því tagi í bókum dulhyggjumanna, en ekki litist á skýringar þeirra.

Helsta skýring á þessum litatónum í framansögðum draumi yrði sú, að draumgjafi minn hafi átt heima á lífstefnuhnetti, þar sem blár litblær hvílir yfir öllu landi, og þar sem einnig söngur og tónar taka á sig hliðstæðan blæ í huga áheyrandans þ.e. draumgjafa míns, sem vera mun svo líföflug ágætisvera á öðrum hnetti, „**að hún gengur fram í bláum loga**“ (Eins og Þ.G. lýsir svo vel í grein sinni: *Áhrifa-*



mikil reynsla og hef ég ekki fyrr heyrt svo ágæta skýringu, sem á því hliðstæða fyrirbæri sem hann er þar að segja frá.).

(447B)

Ingvar Agnarsson.
(Dreymt 29. júní 1990)

Fyrir miðilsmunn 9. 3. '92.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Ingólfur Arnarson, fornmaður.

Ingólfur Arnarson, fornmaður:

Sæl og blessuð.

Þið eruð mér að skapi. *Það er hið íslenska hugarfar í fegurstu mynd, stjörnusambandshugarfarið.* Það er þarf að sigra illsku og helstefnu.

En ekki er það ofsagt að íslenska málið hafi þýðingu fyrir hugsunina og skilninginn og eitthvert samband er nú þar á milli. Hér er á Íslandi fram kominn gleggri og dýpri skilningur á heimi og lífi heldur en annarsstaðar á jörðu, þar sem er skilningurinn á alheimssambandi lífsins og stjörnusambandi því, er á sér stað í draumunum og svefninum og skyldu ástandi ýmsu því, er dulrænt hefur kallað verið en er þó síst dulrænt í eðli.

Afarmerkileg og þýðingarmikil framför í þekkingu mannkynsins þar og er það víst og rétt, að *guðirnir fornu náðu að koma máli og hugsun til jarðar gegnum norræna menn og forfedur þeirra.* Allt með þetta í huga að koma mannkyninu á hærra stig þekkingar og þroska og ódeildar. Allt miðaði það til að efla skýra og skarpa hugsun og skilning á höfuðatriðum og *það tókst með krafti guðanna að magna mannsheilann, gefa honum málið fagra og vitneistann guðlega í framhaldi af því.*

Þakka fyrir.

Verið sæl.

Fyrir miðilsmunn 2. 3. '92

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Sigurður Ólafsson.

Sigurður Ólafsson:

Heil og sæl.

Fundarmaður P. S.: Segir þú okkur ekki mikil tíðindi?

Sigurður: Á ýmsu luma ég ef út í það væri farið en tíminn er nú takmarkaður og aðeins fátt eitt, er ég get nú vikið að. Þó eru það ekki í mínum huga minnst tíðindi, að það náðist í að gefa Nýalana út enn og bæta þar við nýjum ritum með ritgerðarsafni. Það er þakkarvert mjög og vonandi það muni hafa sín áhrif hægt og hægt, að Nýall fari að ná fram til enn fleiri og vekja menn til umhugsunar og skilnings á lífinu og tilgangi þess eins og ekki er vanþörf á.

En ég er sístarfandi á minni framlífsjörð og hefi reynt að auka við skilning minn og þekkingu af alefli og notið að fræðslu vitringa og vísindamanna hinna merkustu. Sjálfur farinn að reyna að fræða lítillga og leiðbeina, er ég hefi séð þörf á því og má segja, að ég háfi notið þar ekki síst Nýals og vísinda ýmsra, er ég hef reynt að tileinka mér í framlífi. Ég held áfram að auka við þekkingu mína í líffræði og heimsfræði, stjörnufræði og fleiri greinum vísinda eins og ég er maður til og ég þykist hafa áttað mig á ýmsu betur en áður á sjálfum mér og öðrum og náttúrunnar ríki. Með tilstyrk æðri vera hefur skilningur minn dýpkað og víkkað mjög. Sambönd hefi ég upp á við mjög fullkomin í vöku og draumi, er ég hefi lært mjög mikið af og fræðst um lífið í alheimi. Mismunandi þróunarstig lífsins á hinum ýmsu stjörnum alheimsins.

Ekki er ofsagt, að heimurinn sé óumræðilega stórkostlegur og takmark lífsins og alheimsins óumræðilega dýrðlegt og stórkostlegt. Eins og fram kemur hjá Helga Pjeturss í Nýal, þá á maðurinn fyrir sér að fullkomnast óendanlega í heimi stjarnanna. Er slík fræði það sem mannkynið hvað mest vanhagar um og sá skilningur, sem í þeim felst. *Hver*

einn er þáttur í óendanlegu alheimslífi og þáttur sem ekki á að líða undir lok heldur fullkomnast óendanlega.

P. S.: Ertu að kenna þeim, sem eru nýkomnir?

Sigurður: Einmitt ekki síst og það er vissulega verkefni við mitt hæfi. Ég nýt þess að leiðbeina og fræða þar sem kostur er og mér er mesta yndi og ánægja af því að eyða ýmsum misskilningi og ranghugmyndum hjá mönnum og auka þeim þekkingu og skilning í staðinn.

P. S.: Og eru allir sem koma, móttækilegir og vilja þiggja leiðbeiningarnar?

Sigurður: Má segja að það sé mjög mismunandi en ýmsir mjög erfiðir, eins og maður segir, fyrst í stað vegna fyrirframsannfæringa, sem ekki er auðvelt að fá þá ofan af, að minnsta kosti stundum, reynst vandasamt að eyða ýmsum misskilningi, sem menn hafa fyrir heilagan sannleika.

P. S.: Átta menn sig ekki á því, að þeir eru komnir á annan hnött?

Sigurður: Það getur stundum orðið, að menn telji slíkt mestu firru sé þeim sagt, að þeir séu komnir á annan hnött.

P. S.: Telja sig jafnvel vera í einhverjum andaheimi?

Sigurður: Já, allt virðist geta fremur talist rétt en einmitt þetta, er suma snertir, einmitt þetta, það sem þeir eru mest á móti að fallast á. En þó geta þeir nú ekki barið höfðinu við steininn endalaust. Þó þeir vilji ekki láta af sínum sannfæringum fyrr en í fulla hnefana, ef þær hafa náð svo sterkum tókum eins og raun ber vitni, að engin rök geta hnekt þessari ákveðnu hugmynd, verður að taka því og lofa þeim að hafa sína sannfæringu eins lengi og hugsun þeirra beinist í þessa átt, sem þeir telja hina einu réttu, þó röng sé. En það kemur þó um síðir, að veruleikinn einn stenst dóm reynslunnar. Það er nú einmitt þetta, sem ég hef þreifað á, að fyrirstaðan gegn einföldum og augljósum sannleikanum nær út fyrir gröf og dauða, eins og þar stendur.

P. S.: Þið eigið líka í erfiðleikum að fá fólk til að hlusta á ykkur eins og við hérna?

Sigurður: Það getur verið ekkert ósvipað að glíma við hér í þessum efnunum, þó ótrúlegt kunni að virðast. En það er þó

ekki algilt. Það eru sem betur fer mörg dæmi hins gagnstæða, að auðvelt sé að fá menn til að átta sig. En það fer nú auðvitað nokkuð eftir andlegum þroska og *hugsunar-skarpleika* hvers og eins og þekkingu.

En ég mun nú ekki, að þessu sinni, eyða fleiri orðum að þessum hlutum og þakka fyrir.

Kveð ykkur og verið sæl.

Fyrir miðilsmunn 30. 3. '92

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Snorri Sturluson.

Snorri Sturluson mælir:

Heil og sæl.

Fornmaður íslenskur talar.

Fundarkona (MG): Í Reykholti?

Reykholti.

(MG): Hvernig list þér á laugina þína í dag?

Jæja, hún er ekki úr huga mínum horfin laugin gamla með öllu og vel er að menn skuli vilja halda henni í horfinu eins og raun ber vitni og sýnir það rækt við þá, er í Reykholti til forna lifðu og voru höfðingjar. Það er þessi íslenski höfðingsskapur, sem er svo merkilegt umhugsunarefni. Andlegur höfðingsskapur á ég við og þann höfðingsskap held ég Fornmenn hafi haft sumir að minnsta kosti til að bera á háu stigi og vel má segja sannleikann, hvort sem mönnum líkar hann betur eða verr, og þó sjálfur tali ég sem einn þeirra, er nokkurn höfðingsskap hafði til að bera. Þann höfðingsskap sem ég held að Íslendingar meti þó nokkurs enn og ég er viss um þjóðin er höfðingsþjóð á margan hátt.

Mínar frumlífsminningar tengjast mönnum og málefnum eins og komist er að orði ekki síst sögunni og ritun sögunnar til forna.

(MG): Hvernig var að skrifa Snorra-Eddu?

Það var hið alskemmtilegasta að rita hana og segja frá

goðunum, Ásum og öðrum þeim verum, sem fornmenn höfðu veður af og á öðrum hnöttum.

(MG): Þú skrifaðir líka Heimskringlu.

Það má segja það hafi verið þrekvirki talsvert og var raunar furðulegt, hvað það tókst að koma því af þannig að sagan skilaði sér í stórum dráttum. *Ekki til muna brengluð.* Ég var magnaður til að gera þetta af guðunum.


(MG): Voru þeir harðir húsbændur?

(Hlátur). Slíkir húsbændur þeir sönnu og bestu, sem hægt er að hugsa sér, sem hefja manninn á hærra stig þroska og það tel ég saga þjóðanna eigi að geta stuðlað að, sé hún réttilega sögð, að auknum þroska.

(MG): Þú varst afkastamikill mjög.

Ég fann það var einhver kraftur sem ég naut til þess að afkasta meira en margur annar og ég held það hafi verið þáttur í tilraun guðanna til að þroska mannkynið og hið norræna kyn ekki síst til forystu í rétta átt að varðveita sögu þessa norræna kyns ekki síst framtíðinni til handa til aukins skilnings á fortíðinni og framtíðinni um leið.

Mjög er þess þörf, að þjóðin átti sig á tilganginum með (tilveru sinni), er ég vildi kalla hinn merkilegasta að varðveita tunguna, málið göfuga og þjóðernið og skapa á þessu eylandi æðri menningu þar sem gæti orðið vísir að æðra mannkyni. En þetta er mál sem tekur lengri tíma en ég hef hér til að gera nægileg skil og ætla ég að svo mæltu að kveðja ykkur og þakka fyrir og verið blessuð.



Reikistjörnur sólhverfisins taldar frá vinstri til hægri: Merkúr, Venus, Jörðin, Mars, Júpítur, Satúrnus, Úranus, Neptúnus og Plútó.

Merkir draumar

Lífheimar draumanna. Safn skráðra drauma. 224 síður.

Höfundur Ingvar Agnarsson.

Útgefandi Skákprent, 1992.

Bækur Ingvars Agnarssonar eru ritaðar á góðri íslensku og framsetning hans er ljós. Þær hafa komist til lesenda á einhvern þann hátt, sem minnst er í ætt við sölumensku og skipulagningu. Fólk finnur á sér að þarna er eitthvað gott að koma, eitthvað sem hafa má ánægju af og treysta. Bókin **Lífheimar draumanna**, sem kom út núna fyrir jólin, er um efni sem mörgum er hugleikið. Því að alla menn dreymir, þó að misjafnlega skýrt sé, og það sem menn þekkja af eigin raun vilja þeir skilja eða fá skýrt. Og menn hafa gaman af draumum, einnig þeir sem minnst spyrja um eðli og tilgang, svo að hér gildir það, sem vitur maður hefur sagt: „Sá sem kemur með margt, hefur mörgum nokkuð að færa.“

Ég hefði haft gaman af — talið þarft verk — að fara í saumana á þessu mjög svo athyglisverða safni draumfrásagna, en læt mér nægja að benda á, að hér er vísindalega og skipulega að unnið. Höfundur bókarinnar hefur um langt skeið vandlega skráð drauma sína nýdreymda — og furðulega auðug er sú reynsla sem hann hefur á þessu sviði: stundum næsta erfið, næsta ógnvænleg, en miklu oftar fögur og heillandi. En síðan tekur hann til við að skýra hvern draum, sem skráður er, og beitir hann þar skýringar- aðferð doktors Helga Pjeturss, mikils vísindamanns. Gengið er að því vísu, að heili mannsins sé ekki af eigin rammleik fær um að búa til skynjanir. Þegar menn hafa lært að bera saman skynjun og minningu eða ímyndun, geta þeir farið að athuga drauma á vísindalegan hátt. Og þetta er það sem

Ingvar hefur gert. Ýmsar athuganir hans varðandi staðhætti, náttúrufar og mannlíf í öðrum sólhverfum ætla ég munu verða taldar til frumathugana í stjörnulíffræði, þegar fram líða stundir.

Framtíðinni mun þykja sem draumasafn Ingvars sé eitt hið almerkasta, sem nokkru sinni hefur skráð verið — á þessum myrku miðöldum sem enn eru. En hitt þykir mér nær óhugsandi, að nokkur vel bóklesandi maður taki þessa bók upp án þess að virðast hún áhugaverð.

Sumir af draumum Ingvars eru eins og drög að bestu skáldsögum. En að búa til skáldskap er þó það, sem allra síst er stefnt að með þessu safni hans.

Ekki mega menn búast við spáfræði í þessari bók. Spáfræðina misvirðum við ekki — þó að hún gangi oft út í öfgar — því að það er á leiðum hinnar nýju draumafræði sem hún kynni að geta fengið nokkra uppreisn — eftir að upplýsing 18., 19. og 20. aldar hafði útskúfað henni (af eðli- legum ástæðum). En þegar menn fara að skilja, að „æðri vitund“ er hluti af heiminum sjálfum, en ekki utan hans, horfa þau mál allt öðru vísi við.

„Taktu eftir þessum manni. Af honum er nokkurs að vænta. Stafirnir eru stórgerðir og óvaningslegir, eins og hjá erfiðismanni, en vandvirkni og heiðarleiki lýsir sér í skrift- inni, og eitthvað umfram það.“ Þannig (efnislega rétt, en þó ekki orðrétt) lýsti Málfríður Einarsdóttir rithandafræðingur skrift Ingvars Agnarssonar, meðan við vissum um hann hér- umbil ekki neitt.

P. G.

Tíminn 24. 12. 1992. (Aðfangadag, fimmtudag).




Fátt er fegurra á að horfa, í vöku eða draumi, en stjörnum krýndur him- inn, og ekkert beinir huganum fremur til framlífs hvers og eins.

Auglýsing frá Skákprenti

LÍFHEIMAR DRAUMANNA

Draumar og skýringar á eðli þeirra ásamt myndum og teikningum



Ingvar Agnarsson

Verð beint frá útgefanda kr. 2.600.- (bókabúðaverð er kr. 2.900,-). Bókin er allfjölbreytt að efni og skiptist eftir því í nokkra aðalkafla þ.á.m.: Lífheimar draumanna — Lífheimar alheimsins; Lífstefnudraumar; Sambandsstöðvar í draumi; Himinsýnir í draumi; Landslag og svif í lofti; Draumar um listir; Sérkennilegt útlit manna; Helstefnu-draumar; Jarðfræðilegir draumar.

Bókin er 224 bls. og hefur inni að halda, auk lesmáls 62 myndir og teikningar. Útgefandi **Skákprent**, Dugguvogi 23, Reykjavík, Pósthólf 1179, Símar 31975, 31391 og 31335. Fax 31399.

Til lesenda Lífgeisla

Hér sendum við ykkur, kærur lesendur Lífgeisla, sjötta og síðasta hefti þessa árgangs, 1992, en því miður nokkuð síðbúið.

Eins ogjafnan áður, höfum við leitast við, að hafa efni ritsins all fjölbreytt, innan þeirra marka þó, sem það hefur sett sér frá upphafi. En tilgangurinn er, að kynna og leiða fram til skilnings ýms þau atriði lífs og lífsambanda, sem flestum eru ofarlega í huga, en almennt vantar réttan skilning á, t.d. í sambandi við drauma, sýnir hverskonar, og ýmiskonar aðra lífsreynslu manna, sem talin hefur verið dularfull allt til þessa og því ekki hægt að skilja á náttúrufræðilegan hátt. En það eru einmitt hin nýölsku fræði, sem gera mögulegan hinn vísindalega skilning á hinum ýmsu fyrirbærum lífsins, sem fram að þessu haf verið torræð.

Á árinu 1991 tókst að koma út hinu sígilda verki dr. Helga Pjeturss, **Nýöulunum** sex, en nú í 4 bindum (í stað sex áður.) En eldri útgáfa, frá 1955 var uppseld. Auk þess, var nú bætt við tveim bindum til viðbótar, ýmsum af þeim ritgerðum Helga, sem ekki höfðu birst í bókarformi áður og er að þeim hinn mesti fengur.

Á nýliðnu ári, 1992, var enn reynt að halda í horfinu. Efnit var til tveggja opinberra málþinga. Hið fyrra, sem fyrst og fremst var **Málþing fræðimanna**, var haldið í Valhöll á Þingvöllum þann 27. júní. Komu þar fram ýmsir fræðimenn sem höfðu nýalskar skoðanir á ýmsum fyrirbærum náttúrunnar, svo sem fjarhrifum, lífi eftir dauðann o.fl. (sjá Lg. hefti nr. 73 þetta ár.) Mátti með sanni segja, að þessi fundur hafi tekist vel.

Síðara málþingið fór fram þann 11. október í Hótel Örk í Hveragerði. Komu þar ýmsir fram og héldu athyglisverð erindi. Á eftir voru almennar umræður og fyrirspurnum svarað. Segja má með réttu að einnig þessi fundur hafi tekist vel. (Lífgeislar nr. 75)

Þá má geta þess, að út kom á vegum Nýalsinna og Skákprents bókin **Lífheimar draumanna** seint á þessu ári og viljum við vona að hún eignist sem flesta lesendur, (sjá grein Þorsteins Guðjónssonar hér á undan).

Verið svo kært kvödd, kærur lesendur og þökk fyrir liðið ár.

Fyrir hönd Lífgeisla og Félags Nýalsinna

Ingvar Agnarsson

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPRENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hönd Félags Nýalssinna, Álfrólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Kvasar-vetrarbrautir I. A. (Sjá forsíðumynd)	bls.	190
Víkingasýningin mikla. Þorsteinn Guðjónsson	"	191
Alnorræn Vínlandsráðstefna.		
Þorsteinn Guðjónsson	"	194
Sannað mál. Þorsteinn Guðjónsson	"	195
Enginn fæðist af móður nema einu sinni (frh.).		
Benedikt Björnsson	"	197
Vísað til vegar. Ingólfur Jónsson frá Prestsbakka .	"	203
Ormur frá öðrum hnetti. Þorsteinn Guðjónsson ...	"	205
Nauðsyn æðri lífsambanda. I. A.	"	206

LJÓÐ:

Til Dr. Helga Pjeturss. Jón Magnússon	"	207
---	---	-----

DRAUMAR:

Eyjan græna. I. A.	"	209
Helligöngin ógnvænlegu. I. A.	"	211
Hvolfhýsið bláa. I. A.	"	213

SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Miðill: Sveinn Haraldsson		
Ritari: Gunnar Hjörvar		
Ingólfur Arnarson, fornmaður	"	215
Sigurður Ólafsson	"	216
Snorri Sturluson	"	218

BÓKAFREGN:

Merkir draumar. Þorsteinn Guðjónsson	"	220
Lífheimar draumanna. Safn skráðra drauma	"	224
Höfundur Ingvar Agnarsson.		
Útgefandi Skákprent 1992.		

AUGLÝSING FRÁ SKÁKPRENT:

Bók Ingvars Agnarssonar: Lífheimar draumanna ..	"	222
---	---	-----

MYR:

Stjörnumynd	"	196
Óríon, stjörnumerkið fagra	"	202
Halastjarnan stóra, Stjörnumynd	"	206
Stjörnumynd	"	210
Draummynd, teikning	"	214
Reikistjörnur, mynd	"	219
Vetrarbraut, stjörnumynd	"	221

ÝMISLEGT:

Til lesenda Lífgeisla. I. A.	"	223
-----------------------------------	---	-----